

**Nd.**

**56. Frumvarp til laga**

[52. mál]

um breyting á búfjárræktarlögum, nr. 31 24. apríl 1973.

Flm.: Sigurður Björgvinsson.

**1. gr.**

Á eftir 25. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Búnaðarfélag Íslands skal sjá um að rækta og vernda íslenskt forystufé þannig að það glattist ekki sem sérstætt fjárkyn, heldur verði ávallt til stofn af hrein- kynja forystufé sem tryggi viðhald þessarar búfjártegundar um ókomin ár. Fela skal einstökum sauðfjárræktarlögum eða ríkisbúum að annast þessa starfsemi. Skal þar lögð rækt við að laða fram bestu eiginleika forystufjárins og mönnum gefinn kostur á að fá djúpfrost sæði úr völdum forystuhrútum og jafnframt veittar leið- beiningar um tamningu og meðferð fjárins.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Allt fram á fyrstu tugi þessarar aldar hefur forystufé verið mikilvægur þáttur í sauðfjárbúskap íslendinga. Meðan enn tíðkaðist að halda fé stíft til beitar á vetrum og meðan það varð vart flutt milli staða öðruvísi en vera rekið, stundum um langa vegu yfir fjallvegi og óbrúuð vatnsföll, kannske í ófærð og vondum veðrum, þá var það oft frábær dugnaður og vitsmunir forystufjárins sem gerðu mönnum kleift að sigrast á erfiðleikunum. En með breyttum búskaparháttum hefur forystuféð nú á síðustu árum sífellt verið að tapa því mikilvægi sem það áður hafði. Og ef svo heldur fram sem horfir er þess skammt að bíða að sú hætta vofi yfir að forystuféð hverfi með öllu úr íslenskum búsmála. Slíkt væri óbætanlegt slys, og sá er einn megintilgangur með flutningi þessa frumvarps að brugðið sé við, áður en það verður um seinan, og komið í veg fyrir slík mistök.